



# Reglur um aðlögunartíma

Embætti landlæknis

## Gildissvið

Reglur um aðlögunartíma gilda um umsækjendur um starfsleyfi eða sérfræðileyfi sem þurfa, samkvæmt mati embættis landlæknis, að ljúka aðlögunartíma hér á landi.

Reglurnar eru settar á grundvelli 2. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 510/2020, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum eða Sviss til að starfa hér á landi<sup>1</sup> og 11. gr. reglugerðar nr. 483/2023 um meðferð umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi skv. lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 frá umsækjendum frá ríkjum sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Reglurnar gilda einnig um umsækjendur sem lagt hafa stund á nám í Bretlandi og þurfa að ljúka aðlögunartíma hér á landi, sbr. grein 12.6 í 12. kafla fríverslunarsamnings milli Íslands, Konungsríkisins Noregs og Furstadæmisins Liechtenstein og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands sem undirritaður var 8. júlí 2021 og fullgiltur fyrir Íslands hönd með þingsályktunartillögu á Alþingi, 7. mars 2022<sup>2</sup>.

## Aðlögunartími

Með aðlögunartíma er átt við starfstíma í lögverndaðri heilbrigðisgrein hér á landi undir eftirliti og handleiðslu starfsmanns með ótakmarkað starfsleyfi í viðkomandi starfsgrein (handleiðara), háð mati og hugsanlega frekari þjálfun að starfstíma loknum.

Embætti landlæknis ákveður lengd aðlögunartíma og markmið hans.

Umsækjandi skal sjálfur útvega sér starf undir handleiðslu og kynna fyrirhuguðum handleiðara ákvörðun embættisins um aðlögunartíma. Handleiðari skal tilkynna embætti landlæknis að hann hafi kynnt sér ákvörðun um aðlögunartíma umsækjanda og að hann muni taka handleiðslu umsækjanda að sér. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um störf handleiðara síðustu 3 ár, þ.e. við hvað viðkomandi hefur starfað og hvaða sjúklingahópum handleiðari hefur sinnt. Embætti landlæknis metur hvort handleiðari uppfylli skilyrði til handleiðslu og þegar fallist hefur verið á

<sup>1</sup> Sjá: <https://island.is/reglugerdir/nr/0510-2020>. Reglugerðin á stoð í lögum nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi (9. gr.)

<sup>2</sup> [s0259-f 1.pdf \(althingi.is\)](#)

handleiðara og starfsstöð hans er handleiðara og umsækjanda tilkynnt um það og tímabundið starfsleyfi gefið út til umsækjanda.

Tímabundið starfsleyfi umsækjanda er bundið við handleiðara og starfsstöð. Meginreglan er sú að umsækjandi skal starfa í fullu starfi út aðlögunartímann. Ef þörf krefur getur umsækjandi starfað í hlutastarfi, þó aldrei minna en í starfshlutfalli 50% starfi og lengist þá aðlögunartími sem því nemur. Fæðingarorlof, veikindi eða aðrar fjarvistir umsækjanda geta sömuleiðis lengt aðlögunartíma.

## Handleiðsla og ábyrgð handleiðara

Handleiðari skal hafa ótakmarkað starfsleyfi í viðkomandi starfsgrein og hafa starfað í henni í að minnsta kosti þrjú ár hér á landi í sínu fagi.

Í handleiðslu skal leggja áherslu á þau atriði sem fram koma í ákvörðun embættis landlæknis að umsækjanda skorti þekkingu á. Leiðsögn handleiðara skal vera fagleg og í samræmi við þau viðmið og staðla sem gilda um störf heilbrigðisstarfsmanna í viðkomandi stétt. Handleiðari skal halda reglulega fundi með umsækjanda, fylgjast með störfum hans og hafa yfirsýn á verkefni.

Handleiðara ber að starfa á sömu starfsstöð og umsækjandi.

Handleiðsla í gegnum fjarfundarbúnað er óheimil.

Handleiðari skal meta faglega og eftir atvikum klíníska kunnáttu umsækjanda og ráðleggja umsækjanda eftir þörfum.

Handleiðara er skylt að tilkynna embætti landlæknis verði frávik í starfi umsækjanda eða ef hann telur nauðsyn til, m.a. ef hann telur leika vafa á færni/hæfni umsækjanda.

Handleiðarinn skal í lok handleiðslunnar skrifa ítarlega skýrslu um handleiðsluna og skila til embættis landlæknis fjórum vikum áður en aðlögunartíma líkur.

**Ef nauðsyn krefur getur umsækjandi skipt um handleiðara. Skal umsækjandi tilkynna embætti landlæknis um slíkt með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara.**

## Lok aðlögunartíma

Við lok aðlögunartímans skal kunnátta umsækjanda jafnast á við kunnáttu heilbrigðisstarfsmanns sem útskrifast hefur hér á landi í viðkomandi fagi.

Ef óljóst er, af skýrslu handleiðara, hvort umsækjandi uppfylli tilskilin viðmið þá getur embætti landlæknis leitað álits umsagnaraðila í viðkomandi heilbrigðisgrein.

Ef í ljós kemur að umsækjandi uppfyllir ekki að mati handleiðara þau viðmið sem gerð eru við lok aðlögunartímans þá getur embætti landlæknis tekið ákvörðun um að:

- framlengja aðlögunartímann og skal umsækjandi sækja um slíka framlengingu a.m.k. fjórum vikum fyrir lok aðlögunartímans.
- umsækjandi eftir atvikum ljúka ákveðnum námskeiðum hér á landi í viðkomandi heilbrigðisgrein sem umsagnaraðili embættis landlæknis mælir með.
- synja umsókn þar sem þekking og kunnátta umsækjanda í viðkomandi fagi er langt undir þeim kröfum sem gerðar eru til heilbrigðisstarfsmanns sem útskrifast hefur hér á landi í faginu.